



**RÍKISSAKSÓKNARI**

**NAUÐGUN - ÞRÓUN  
HUGTAKSINS OG REFSINGA -  
HLUTVERK ÁKÆRUVALDSINS**

---

# “BÚDAPESTREGLURNAR”

- Ákærendum ber að leiða hjá sér einstaklingsbundna og hópbundna hagsmuni og þrýsting frá almenningi eða fjölmiðlum.
- Ákærendum ber að sækja mál af ákveðni en sanngirni, og ekki umfram það sem sönnunargögn benda til.

## 18. GR. LAGA UM MEÐFERÐ SAKAMÁLA

- Hlutverk ákærenda er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Þeir taka ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákærvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum.
- Ákærendur skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Þeim ber jafnframt að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er.

## 45. GR. LAGA UM MEÐFERÐ SAKAMÁLA

- Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi

## 194. GR. ALMENNRA HEGNINGARLAGA NR.19/1940

- Ef kvenmanni er þröngvað til holdlegs samræðis með ofbeldi eða frelsissviptingu, eða með því að vekja hjá henni ótta um líf, heilbrigði eða velferð hennar sjálfrar eða náinna vandamanna hennar, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða ævilangt.
- Sömu refsingu skal sá sæta sem kemst yfir kvenmann með því að svipta hana sjálfræði sínu.

# Lög nr. 40/1992

- 194. gr. Hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manni til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

# 195. gr.

- Hver sem með annars konar ólögumætri nauðung þröngvar manni til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

# 196. gr.

- Hver sem notfærir sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.



# Lög nr. 61/2007

- Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða **annars konar ólögumætri nauðung** gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

# Lög nr. 61/2007

- Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.

## H 229/2008

- “Í stað þess að greiða A fyrir pössunina þegar í stað, svo að hún kæmist heim, neytti ákærði yfirburðaaðstöðu gagnvart stúlkunni, þá er hann fékk hana til að setjast í sófa í stofunni, sýndi henni grófa kynferðislega áreitni...dró því næst niður buxur hennar og nærbuxur og hafði við hana þau kynferðismök, sem lýst er í ákæru.

## Frh. H 229/2008

- A var þolandi en ekki þátttakandi í greindum verknaði, sem unninn var án samþykkis hennar og hún gat ekki spornað við, þar sem hún fraus og varð stjórf af hræðslu. Er engum vafa undirorpið að ákærði hafi brotið gegn sjálfsákvörðunarrétti og athafnafrelsi stúlkunnar og vanvirt friðhelgi líkama hennar til að koma fram vilja sínum. Gerðist hann þannig sekur um ofbeldi og ólögsmæta nauðung í skilningi 1. mgr. 194. gr. hegningarlaganna og ber því að sakfella hann fyrir nauðgun.” Fangelsi 2 ár.

# S-250/2011

- Ákærði sem var 17 ára fór með stúlkuna A, sem þá var 14 ára, gegn hennar vilja á afvikinn stað í húsasund og notfærði sér þar yfirburðastöðu sína gagnvart stúlkunni vegna aldurs-, og aflsmunar og það að hún var ein með honum fjarri öðrum, lét hana leggjast á hnén og þvingað hana til að hafa við sig samræði og munnmök. Fangelsi 2 ár

## 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga

- Hafi verknaður beinst að karli, konu eða barni sem eru nákomin geranda, og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.

# H 129/2009

- „Ákærði og brotapolí höfðu fyrir árásina verið í sambúð í þrjú ár og áttu þau árs gamla dóttur þegar árásin átti sér stað. Þá liggur fyrir í læknisvottorðum saga um líkamlegt ofbeldi á sambúðartímanum sem ákærði staðfesti réttta að hluta. Með hliðsjón af þessu verður að líta til 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“ Fangelsi 4 ½ ár

# H 502/2009

- “Ákærði neyddi sambúðarkonu sína með hótunum og beinu ofbeldi til kynmaka við aðra karla, ljósmyndaði athæfi þeirra og tók upp á myndband. Af hálfu ákærvaldsins er því haldið fram að ekkert geti skýrt þessa háttsemi ákærða annað en það að þessi kynmök annarra hafi haft kynferðislegt gildi fyrir hann og komið í staðinn fyrir eða bætt upp hefðbundið samræði, jafnvel þótt hann hafi sjálfur iðulega tekið þátt í þessum athöfnum.



# Frh. H 502/2009

- Athæfið, sem hann neyddi sambúðarkonu sína til að taka þátt í, falli því undir önnur kynferðismök í merkingu 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Fallist verður á þessa skýringu ákærvaldsins.
- Við ákvörðun refsingar ákærða verður litið til þess að hann hefur gerst sekur um fjölmargar líkamsárásir og sérlega gróf og alvarleg kynferðisbrot gegn þáverandi sambúðarkonu sinni. Brotin stóðu yfir um árabil og afleiðingar þeirra fyrir hana eru alvarlegar.

# Frh. H 502/2009

- Með 1. gr. laga nr. 27/2006, sem tóku gildi 3. maí 2006, var bætt nýrri 3. mgr. við 70. gr. almennra hegningarlaga. Verður tekið mið af þeirri breytingu við ákvörðun refsingar ákærða fyrir háttsemi hans eftir gildistöku þeirra laga. Þá verður jafnframt litið til b. og c. liða 195. gr. almennra hegningarlaga.“ Fangelsi 8 ár.

# H 74/2008

A og R voru ákærðir fyrir kynferðisbrot með því að hafa í sameiningu og með ofbeldi báðir reynt að hafa samfarir við X og neytt hana til að hafa við þá munnmök. Við ákvörðun refsingar var litið til þess hve hrottalegur verknaður ákærðu var, þess mikla sálartjóns sem hann olli X og fullkomins skeytingarleysis ákærðu fyrir líðan X, kynfrelsi og æru. Var refsingin ákveðin í ljósi þess og að um samverknað ákærðu var að ræða. Fangelsi í fimm ár.